

Rökstuðningur vegna úthlutunar styrkja frá verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar

Nokkur orð til rökstuðnings vegna úthlutunar styrkja til verkefna sem sóttu um styrk frá verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar. Auglýst var eftir umsóknum 15. mars 2019. Umsóknarfrestur rann út 15. apríl 2019 en varð síðar framlengdur til 23. apríl 2019. Til úthlutunar eru 7 milljónir. Alls bárust 21 umsókn. Heildarumfang verkefna er umsóknir lúta að er um 35 milljónir. Sótt var um tæplega 20 milljónir. Allt voru þetta umsóknir sem féllu vel að verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar en eins og gefur að skilja þá var ekki til fjármagn til að úthluta til allra í þessari umferð. Reynt var að velja sem fjölbreyttust verkefni og m.a. var stuðst við stigagjöf eftir mat á tilteknum þáttum.

Þeir aðilar sem sendu inn umsóknir núna en fengu ekki úthlutað, verða hvattir til að sækja um í aðra sjóði sem gætu vel fallið að þeirra verkefni og áformum.

Almennt:

Styrkhæf verkefni eru rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarverkefni þar sem markvisst er stefnt að markaðssetningu nýrrar eða endurbættrar vöru eða þjónustu. Enn fremur samfélagsefandi verkefni önnur en þau sem teljast til lögbundinna og/eða hefðbundinna verkefna ríkis eða sveitarfélaga.

Um verkefni sem kostuð eru af verkefninu Brothættum byggðum gilda eftirfarandi reglur:

Viðurkenndir kostnaðarliðir vegna styrkhæfra verkefna:

- ✓ Laun og launatengd gjöld
- ✓ Rekstrarvörur og efni o.fl.
- ✓ Aðkeypt þjónusta
- ✓ Ferðir og fundir
- ✓ Markaðsrannsókn/könnun
- ✓ Stofnfjárfestingu, ef fyrir liggur að verkefni raski ekki samkeppni á viðkomandi þjónustusóknarsvæði.

Brothættar byggðir fjármagna ekki:

- ✓ Fjárfestingu í hráefnum þ.m.t. tækjum og búnaði sem eru hlutar af afurð eða þjónustu sem ætluð er til sölu.
- ✓ Fjárfestingu í sjálfu framleiðsluferlinu og umhverfi þeirra þ.m.t. húsnæði og tækjabúnaði til framleiðslu afurða og þjónustu sem ætluð er til sölu ef slíkt raskar samkeppni á þjónustusvæði.
- ✓ Markaðsfærslu og sölustarfsemi umfram framangreint.

Sjá reglurnar í heild sinni á slóð:

https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/verklýsings/bb2vidauki-v-styrkir-utg-2.2-juni-2017.pdf . Reglurnar voru einnig birtar í auglýsingunni fyrir styrkumsóknir.

Rökstuðningur með styrkveitingum vegna umsókna

Verkefni 1 ÖVD - 2019 Blábankinn – Áformum um að halda fimm stærri vinnustofur/námskeið

Mikil eftirspurn og áhugi er fyrir námskeiðum og öðru námsframboði á Þingeyri. Það hefur þó oft reynst erfitt að anna henni þar sem stærð samfélagsins fellur illa að umgjörð sem oft er sett um fullorðinsfræðslu. Þannig hefur ítrekað ekki verið hægt að halda námskeið gegnum Fræðslumiðstöð Vestfjarða því lágmarks fjöldi þátttakenda náðist ekki. Það er því ljóst, að til þess að halda fjölbreytt og metnaðarfull námskeið og vinnustofur þarf að búa til formúlu sem hentar staðnum. Með því að hafa bæði utanaðkomandi gesti sem og heimafólk á námskeiðunum er hægt að hafa þau veglegri og tíðari. Þarna er því komin ákveðin formúla sem gæti hentað aðstæðum hér. Á næstu 10 mánuðum hefur Blábankinn áformum um að halda fimm stærri vinnustofur, en skipulag þeirra er mis langt komið.

Takist eins vel til með þessar fimm og þær tvær í febrúar, yrði samfélagslegur ávinningur þeirra töluverður. - Aukið framboð af metnaðarfullum og fjölbreyttum námskeiðum og menntunartækifærum á Þingeyri. - Fleiri heimsóknir skapandi fólks til Þingeyrar, og kynning og samstarf þess við heimafólk. - Atvinnutækifæri fyrir leiðbeinendur og kennara á námskeiðum. - Efnahagsleg áhrif vegna þjónustu við nemendur s.s. matur, gisting o.s.frv.

Verkefnisstjórn telur verkefnið mikilvægt og líklegt til árangurs miðað við ofangreinda lýsingu og það fellur vel að markmiðum Allra vatna til Dýrafjarðar.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 500.000.-

Verkefni 2 ÖVD - 2019 Blábankinn – Málstofa – Snjallþorpið

Sótt er um stuðning til þess að halda málstofu á Þingeyri undir yfirskriftinni: "Snjallþorpið: Samfélag nýsköpunar og nýsköpun á samfélagi". Fyrirmynd málstofunnar er japönsk helgi sem haldin var í og tókst mjög vel. Markmið málstofunnar er að varpa samfélagslegu ljósi á bæði nýsköpun og samfélagsþróun. Með tilkomu verkefna eins og Allra vatna til Dýrafjarðar, Blábankans en einnig fjölda annarra frumkvöðlaverkefna, er Þingeyri orðin að lifandi tilraunastofu fyrir samfélagslega þróun og nýsköpun sem vekur athygli víða. Um þessar mundir heldur Evrópusambandið á lofti hugtakinu "snjallþorp", sem kallast á við annað hugtak sem mikið hefur verið í notkun, þ.e. "snjallborg". Í hugtakinu felst áminning um að það sé jafn mikilvægt (ef ekki mikilvægara) að stunda tækni og nýsköpun á forsendum dreifðari byggða en borganna. Með málþinginu er einnig ætlað að skoða þetta hugtak og tengja það inn í þróun Þingeyrar. Markmið málþingsins er að tengja hræringar á Þingeyri við alþjóðlega strauma, bæði til að vekja athygli á því sem hér er að gerast en líka til þess að spegla það alþjóðlega - líkt og tókst svo vel á japönsku helginni í fyrra.

Þingeyri hefur tækifæri til þess að skilgreina sig sem samfélag í forystu. Ýmis verkefni, s.s. japanska helgin, starfrænir flakkarar, Blábankinn, Simbahöllin, vinna Yasuaki Tanago, Öll vötn til Dýrafjarðar og fjöldi annarra er vekja athygli víða. Með því að halda svona málþing er verið að taka saman lærdóma annarstaðar frá, en Þingeyri er ekki lengur bara þiggjandi í þessari umræðu heldur er orðinn áhugaverður staður til að heimsækja til að fá innblástur og læra um byggða-, samfélags- og nýsköpunarþróun.

Verkefnisstjórn finnst verkefnið áhugavert og telur verkefnið líklegt til að skila tilætluðum árangri. Verkefnisstjórn hvetur umsækjanda til að horfa einnig í þessu samhengi til nágrannasamfélaga Þingeyrar.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 400.000,-

Verkefni 3 ÖVD – 2019 Guðbjörg Lind Jónsdóttir og Janne Kristensen - Book with Guðbjörg Lind's art work and her connecting with Þingeyri

We are working on a book with Guðbjörg Lind's art work and her connecting with Þingeyri and the Westfjords where she grew up. The idea is to present her work in a creative way that is not just following a chronological line in her work, but contains personal reflections, poems and comments on the art work from herself and people close to her, as well as people that own the art. In that way the book will be a piece of art itself. The book will be both in Icelandic and English and the marked is both foreigners and Icelanders. A big part of Guðbjörg's art work is connected to Þingeyri and her house, Vertshúsið, one of the oldest houses in the village that she bought and rebuild with her husband. The book will both be a chance to promote Guðbjörg's work but also the history and culture of Þingeyri in an new perspective.

Guðbjörg is a well know, Icelandic artists that has held many exhibitions internationally and in Iceland. She has hosted several exhibitions in Þingeyri, both in her own house and in other old buildings in town. She brought a group of Icelandic artists to Þingeyri for a group exhibition in 2010. Guðbjörg's latest work "The Collection of Memories" is a participatory art work that is situated in Geneva but connects with everyone in Þingeyri - on the date 30th of November 2018, the year the Icelandic nation celebrated 100 years of sovereignty, interested guests were invited to write postcards to people in Þingeyri.

Verkefnisstjórn telur verkefnið líklegt til að skila árangri og vekja verðskuldaða athygli á listamanninum, Þingeyri og Dýrafirði.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 325.000,-

Verkefni 4 ÖVD - 2019 Guðrún Dögg Guðmundsdóttir - Soð í Dýrafirði Matur er mannsins megin - sjónvarpsþáttur

Soð í Dýrafirði Matur er mannsins megin – Soð í Dýrafirði er sjónvarpsþáttur þar sem áhorfandinn fer á flakk um Dýrafjörð og kynnist í gegnum mat þeim auðlindum og tækifærum sem svæðið hefur upp á að bjóða. Sérstaklega er horf til ungs fólks og áhersla lögð á að kynna samfélagið í Dýrafirði og þau tækifæri sem leynast á svæðinu í tengslum við atvinnusköpun, ferðamennsku og útivist. Efla þekkingu á auðlindum svæðisins með því að nota hráefni frá Dýrafirði. Þættirnir verða teknir upp víða í Dýrafirði og eldað út í náttúrunni og í beinum tengslum við stórbrotið umhverfi svæðisins. Matur, menning og mannlíf eru samofnir þættir og leitast verður við að kynna fjölbreytta menningu og mannlíf Dýrafjarðar.

Soð í Dýrafirði samanstendur af sex sjónvarpsþáttum, sem hver um sig er um 20 mínútur að lengd. Þátturinn er unninn í samstarfi við Simbahöllina og starfsfólk hennar. Horft er til starfsemi Simbahallarinnar og sögunnar af því hvernig ungt fólk getur flutt til Dýrafjarðar og skapað eitthvað nýtt út frá þeim tækifærum sem svæðið hefur upp á að bjóða. Þá kynnumst við einnig starfsemi Blábankans, enda gengur starfið þar meðal annars út á að ýta undir nýsköpun og hvetja ungt fólk til dáða. Hér er fólkið og samfélagið í Dýrafirði í aðalhlutverki, auk þess sem náttúruafurðir svæðisins og fegurð fjarðarins leika stórt hlutverk. Markmið þáttanna er að kynna það sem Dýrafjörður hefur upp á að bjóða fyrir þá sem horfa til Vestfjarða, hvort sem er til búsetu eða ferðalaga. Sjónvarpsþáttaröð er öflug leið til þess að kynna svæðið og með henni næst til breiðs hóps fólks sem annars væri ekki að kynna sér svæðið og tækifæri þess.

Verkefnisstjórn telur verkefnið áhugavert og líklegt til að skila árangri ásamt því að vekja athygli á svæðinu. Verkefnið getur haft góð markaðsleg áhrif fyrir svæðið bæði sem ferðamannastað, áhugaverðan áfangastað og virkað hvetjandi til búsetu.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 1.300.000,-

Verkefni 5 ÖVD - 2019 Henry Fletcher - Tourism services specific - OutdoorActive digital platform

Tourism services specific to Dýrafjörður to be added to Europe's largest outdoor digital media platform: OutdoorActive Henry recently became an active member of the World Trails Network (WTN) (<https://worldtrailsnetwork.org/>)—the network is a community of trail enthusiasts from all over the world who convene online and in person to share best practices when it comes to trail development and management. The aim is to further advance and advertise the walking opportunities and related services around Dýrafjörður. This represents an opportunity to attract adventure-seekers and holiday-makers to companies local to the Dýrafjörður region who are currently offering tourism services such as horse riding, walking, swimming, biking, museums, accommodations, cultural points of interest, community centres and creative spaces.

This project proposes to add the information and knowledge generated through the Wildfjords project to Europe's largest international digital platform. Being given free access to the platform is an attractive offer, which, if taken up, could support the following outcomes: - Increased demand for local services, initially with a focus on the Dýrafjörður region - Increased appreciation for local ecology and culture, initially with a focus on the Dýrafjörður region

Verkefnisstjórn telur verkefnið vera gott innlegg til að vekja athygli á áhugaverðum ferðamannastöðum og afþreyingu við Dýrafjörð og á Vestfjörðum.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 195.000,-

Verkefni 8 ÖVD – 2019 Hestamannafélagið Stormur Þingeyri - Reiðvöllur að Ströndum. Endurnýja uppistöður fyrir afmörkun á hringvelli

Reiðvöllur Storms að Söndum. Endurnýja þarf uppistöður fyrir afmörkun á hringvelli þ.e. lagfæringar og endurnýjun á grindverkum sem hindra að hrossin fari ekki út úr braut. Þessi aðgerð er nauðsynleg til að hægt sé að halda keppnir og mót sem er mjög mikilvægur þáttur í starfsemi hestamannafélagsins. Hestamannafélagið heldur að jafnaði stærri félagsmót einu sinni á ári. Eflir þetta starfsemi félagsins þar sem margt í kringum mótin gefur ungum hestamönnum tækifæri til að búa sig undir stærri viðburði á landsvísu.

Starfsemi félagsins á Þingeyri byggist mikið á sjálfböðavinnu heimamanna og þeirra sem koma að félaginu.

Verkefnisstjórn telur verkefnið falla vel að samfélagslegri uppbyggingu og líklegt til að bera tilætlaðan árangur.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 280.000,-

Verkefni 9 ÖVD – 2019 Hestamannafélagið Stormur Þingeyri - Dómhús á svæði Hestamannafélagsins Storms að Söndum í Dýrafirði

Verkefnið gengur út á að reisa dómhús á svæði Hestamannafélagsins Storms að Söndum í Dýrafirði. Dómhúsið sem var á svæðinu fauk í aftakaveðri í nóvember árið 2016 og eiðilagðist algjörlega. Stefnt er að því að byggja nýtt hús 18,13 fm. Húsið verður byggt á staðnum. Hestamannafélagið hefur ekki fjármagn í dag til að endurreisa húsið.

Það skiptir verulegu máli fyrir áframhaldandi starfsemi þ.e. að hægt sé að halda mót og keppnir á svæðinu. Slík mót og keppnir eru mikilvæg fyrir starfsemi félagsins til framtíðar. Starfsemi félagsins er mikilvæg fyrir samfélagið þar sem haldin eru reiðnámskeið reglulega fyrir börn og fullorðna. Hestamannafélag eins og Stormur styrkir og eflir hestamennsku á svæðinu og er það mikilvægt til að viðhalda fjölbreytni í afþreyingu og íþróttaiðkun.

Verkefnisstjórn telur verkefnið falla vel að samfélagslegri uppbyggingu og líklegt til að bera tilætlaðan árangur.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 500.000,-

Verkefni 10 ÖVD – 2019 Janne Kristensen - Management support for "job" running The Westfjords Creative Residency

Management support for running The Westfjords Creative Residency During the last 4-5 years we have run our creative residency here in Þingeyri. We have created a wide range of cultural impact projects in the village. We host 1-2 group residency yearly where we get 10 international artists to stay with us for 10 days as well as Individual Retreats where an average

of 1-3 artist stay a month with us during the months of September to May. And many more activities... We plan to keep on inviting 2-3 individual artist a month and make 1-2 group residencies a year.

We have run our Westfjords Residency mainly with enthusiasm and voluntarily work, and by using the infrastructure we have anyways build up for our summer business activities. Having some financial support to keep our activities running would be a recognition for the general work we have already done and an inspiration for us to keep on doing more. During the last 5-6 years we have collaborated with the local school in Þingeyri in making creative workshops for kids.

Verkefnisstjórn telur verkefnið vera mikilvægt fyrir samfélagið á Þingeyri og nágrenni. Það hafi nú þegar skilað miklu til samfélagsins og sé líklegt til að gera það áfram. Í gegnum þetta verkefni hefur fjöldinn allur af listamönnum og frumkvöðlum komið á svæðið sem hefur skilað sér í auknum fjölbreytileika og aukið víðsýni, ásamt því að fólk sem hefur komið til Þingeyrar í gegnum verkefnið hefur jafnvel komið til baka og sest að. Fellur vel að markmiðum Allra vatna til Dýrafjarðar.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 1.200.000,-

Verkefni 12 ÖVD - 2019 Koltra handverkshópur – Námskeið í sútun á skinnnum

Verkefnið felst í því að halda námskeið í sútun á skinnnum. Fagmaður er fenginn til námskeiðshalds.

Handverkshópurinn Koltra stendur fyrir námskeiðshaldinu. Koltra er hópur handverksfólks sem á rætur að rekja til Dýrafjarðar og hefur með stolti selt Dýrfirskt handverk til ferðamanna í um tvo áratugi.

Námskeið sem þetta stuðlar að aukinni menningarstarfsemi og eflir þekkingu á auðlindum svæðisins. Í Dýrafirði eru fjölmargir sauðfjárbændur og með því að læra að súta eigin skinn skapa þeir verðmæti úr annars verðlausu (bændur þurfa að henda skinnnum/gærum af sauðfé, eða senda það frá sér og fá lítið fyrir verðlitlu í það minnsta) hráefni sem síðan nýtist áfram í handverk og hönnun á margs konar hlutum sem ferðamenn koma til með að versla og bera með sér gamalt, íslenskt handverk til framandi landa.

Þetta verkefni stuðlar einnig að bættri umgengni við umhverfið og náttúruna þar sem stærri partur af sauðkindinni er nýttur til handverks og hönnunar heldur en verið hefur.

Verkefnisstjórn telur að verkefnið geti nýst vel til framtíðar bæði fyrir íbúa Þingeyrar og bændur við Dýrafjörð. Verkefnið stuðlar að varðveislu á gömlu handverki og skapar í leiðinni fallegan minjagrip sem styður við menningu og ferðaþjónustu á svæðinu.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 350.000,-

Verkefni 13 ÖVD - 2019 Kómedíuleikhúsið – Leiklistamiðstöð Kómedíuleikhússins

Hér er um að ræða brautryðjenda verkefni í leiklistarmálum á svæðinu. Kómedíuleikhúsið ætlar að koma sér upp sérstakri leiklistarmiðstöð undir starfsemi sína á Þingeyri. Um er að ræða vinnuaðstöðu til æfinga á leikverkum okkar, skrifstofuaðstöðu Kómedíuleikhússins, aðstaða til hýsa leikmyndir okkar og

búningasafn, og síðast en ekki síst aðstaða til að geta boðið uppá leiklistarnámskeið. Nokkur húsnæði á Þingeyri koma til greina undir leiklistarmiðstöðina okkar, þar sem einfaldur salur er til staðar sem mun þjóna öllum þörfum leiklistarmiðstöðvarinnar. Kómediuleikhúsið hefur í dag ekkert fast æfingahúsnæði og því viljum við breyta og framtíðina sjáum við fyrir okkur í Dýrafirði, fáum við til þess stuðning. Okkar markmið er að vera leiðandi í leiklist á Vestfjörðum og því mun komandi leiklistarmiðstöð okkar hafa þar mikið að segja með framtíðina.

Brautryðjenda verkefni í lista og leiklistarlífi Dýrafjarðar. Nýsköpunarverkefni þar sem engin leiklistarmiðstöð er hér í firði ekki einu sinni á landsbyggðinni allri. Skapar og tryggir atvinnu fyrir búandi atvinnulistafólk á svæðinu. Stóreykur lista og menningarstarf í Dýrafirði. Mun vekja landsathygli þar sem ekkert samskonar verkefni er á landinu. Mun draga listafólk og þá sérstaklega sviðslistafólk til Dýrafjarðar. Kemur lífi í húsnæði sem hefur staðið autt og ónotað.

Verkefnisstjórn telur verkefnið áhugavert en óskar jafnframt eftir að skilyrða styrkinn við að hentugt langtímahúsnæði finnist undir starfseminu.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 300.000,-

Verkefni 16 ÖVD - 2019 Óttar Freyr Gíslason - Fjallaskíði í Vestfirsku ölpunum

Markmið verkefnisins er að kynna Dýrafjörð og Vestfirsku alpána sem spennandi valkost fyrir þá sem stunda fjallaskíði. Einnig er verkefninu ætlað að stuðla að fjölbreyttri og sjálfbærri ferðaþjónustu í beinum tengslum við stórbrotið umhverfi svæðisins. Öryggi er lykilatriði þegar kemur að fjallaskíðamennsku og þar spilar þekking heimamanna stórt hlutverk. Í þessu felast tækifæri fyrir þá sem þekkja vel til í sinni heimabyggð og tækifæri til þess að byggja upp sjálfbæra ferðamennsku í sátt og samlyndi við náttúru svæðisins og fólkið sem þar býr. Tengja Dýrafjörð og Vestfirsku alpána við skíðavíkuna á Ísafirði og hin vinsælu gönguskíðanámskeið sem haldin eru á Ísafirði.

Þetta verður gert með kortlagningu og kynningu á tveimur fjallaskíðaleiðum í Dýrafirði og Vestfirsku ölpunum. Verkefnið samanstendur í heild sinni af þremur verkþáttum. Við kortlagningu á fjallaskíðaleiðum verður rætt við aðila sem þekkja til á svæðinu. Björgunarsveitina Dýra á Þingeyri, Snjóflóðasetrið á Ísafirði, Eirík Gíslason, en auk þess að hafa stundað skíðamennsku á Vestfjörðum frá unga aldri þá er hann sérfræðingur í snjóflóðahættu og Hauk Sigurðsson, sem stundar fjalla- og skíðamennsku á Vestfjörðum af kappi og hefur auk þess tekið stórfenglegar myndir af svæðinu sem hægt er að nýta til kynningar á verkefninu. Í verkefninu verða valdar tvær fjallaskíðaleiðir þar sem stórbrotið landslag svæðisins verður í fyrirrúmi. Þá er ekki síður mikilvægt að huga vel að þeim hættum sem fylgja fjallamennsku að vetri til. Stór hluti af því að velja fjallaskíðaleið snýr að öryggi þeirra sem koma til með að fara um svæðið. Kortlagning fjallaskíðaleiða mun því ekki einungis stuðla að því að fjallaskíðafólk horfi til Dýrafjarðar og Vestfirsku alpánna heldur einnig skapa tækifæri fyrir heimamenn sem þekkja vel svæðið og hafa áhuga á því að byggja upp atvinnurekstur í beinum tengslum við stórbrotið landslag Dýrafjarðar og Vestfirsku alpánna.

Verkefnisstjórn telur verkefnið vera gott innlegg til að vekja athygli á áhugaverðum ferðamannastöðum og afþreyingu við Dýrafjörð og á Vestfjörðum. Verkefnið gætið einnig nýst fyrir fjölbreyttari útivist eins og fjallahjólreiðar og fjallgöngur.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 500.000,-

Verkefni 20 ÖVD - 2019 Freysteinn Nonni Mánason og Snorri Karl Birgisson - Fóðurverksmiðja á Þingeyri fyrir fiskeldi

Fiskeldi er framtíðin þegar að kemur að matvælaíðnaði og eru ástæðurnar fyrir því margar. Eftirspurn eftir fiski er alltaf að aukast. Hugmyndin hjá okkur snýr að því að rannsaka möguleikann á því að byggja upp fóðurverksmiðju á Vestfjörðum. Við höfum mikinn áhuga á því að byggja verksmiðjuna upp á Þingeyri vegna þess hversu hentug staðsetningin er.

Við erum báðir ungir Vestfirðingar - Við erum báðir með háskólapróf - Tækifæri í uppbyggingu á fóðurverksmiðju á Vestfjörðum vegna uppbyggingar fiskeldis - Framleiðsla á fiskafóðri á Vestfjörðum minnkar kolefnisfótspor til muna, minnkar flutningskostnað fiskeldisfyrirtækja, dregur úr loftslagsáhrifum, skapar atvinnu á Vestfjörðum býr til afleidd störf (Jafnvel hægt að rækta plöntuprótein til viðbótar) - Ódýrara fiskafóður fyrir fiskeldisfyrirtæki

Verkefnisstjórn telur verkefnið áhugavert og telur að það gæti haft mikla þýðingu fyrir Þingeyri og svæðið allt ef vel tekst til. Verkefnisstjórn vill benda umsækjanda á að það sé mikilvægt fyrir framgang svona yfirgripsmikils verkefnis að gera góða viðskiptaáætlun, sem geti stutt við framgang verkefnisins og einnig nýst til að sækja um aðra styrki í stærri og öflugri sjóði. Verkefnisstjórn óskar eftir því að styrkurinn verði skilyrtur við gerð vandaðrar viðskiptaáætlunar.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 650.000.-

Verkefni 21 ÖVD - 2019 Jón Skúlason - Vinna og setja upplýsingaskilti fyrir ferðamenn við ferjustaðinn á Gemlufall

Verkefnið felst í því að vinna og setja upplýsingaskilti fyrir ferðamenn við ferjustaðinn á Gemlufall í Dýrafirði. Þar komi fram saga ferjustaðarins, allt frá miðöldum og hlutverk hans í samfélagi Dýrafjarðar ásamt ljósmyndum er sýni ferju og ferjumenn og ferjuflutning. Margir ferðamenn stoppa við ferjubryggjuna á Gemlufalli á hverju sumri, enda er staðurinn stutt frá þjóðvegi, falleg útsýn um Dýrafjörð og ósnortin fjara allt í kring. Staðurinn vekur jafnframt spurningar, því nú er fátt sem minnir á hlutverk ferjunnar í Dýrafirði, enda samgöngur breyttar. Upplýsingaskilti um ferjustaðinn færir gestum og gangandi nýja sýn á staðinn og eykur upplifun þeirra sem kjósa hann sem áningarstað.

Markmið verkefnisins er að veita ferðamönnum og heimafólki upplýsingar um ferjustaðinn við Gemlufall. Þekking á ferjusiglingum yfir Dýrafjörð er nú að hverfa og nauðsynlegt að koma fróðleik á framfæri við nýja kynslóð og fjölda ferðamanna, sem eiga leið um Dýrafjörð. Fagurt útsýni yfir Dýrafjörð er á staðnum og á upplýsingaskilti má jafnframt benda á fleiri forvitnilega staði næsta nágrenni, svo sem Gvendarbrunn, sem fáir vita af, og kenndur er við Guðmund góða biskup á 13. öld. Fjaran við ferjustaðinn á Gemlufalli er vinsæll áningarstaður ferðafólks og upplýsingaskilti mun auka við skilning og upplifun þeirra sem þar staldra við.

Verkefnisstjórn telur verkefnið líklegt til að skila tilætluðum árangri en vill ennfremur hvetja umsækjanda til að hafa samstarf við Vegagerðina og Markaðsstofu Vestfjarða um nánari útfærslu.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 500.000.-

Verkefnisstjórn vill hér með óska öllum styrkþegum til hamingju með styrkina og væntir mikils af samstarfinu.

F.h. verkefnisstjórnar,

Agnes Arnardóttir, verkefnisstjóri